

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. apríl 2026.

Mál nr. E-5355/2025:

A

(Gunnar Gíslason lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Bragi Dór Hafþórsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð, þann 1. apríl sl., var höfðað með stefnu, birtri þann 25. september 2025, af stefnanda, A, með óþekkt heimilisfang, á hendur stefnda, íslenska ríkinu, Arnarhvoli við Lindargötu í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess í málinu að stefndi verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð 2.000.000 króna, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001, frá 18. desember 2024 til 4. apríl 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er þess þá krafist að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti og þá í fyrsta sinn 18. desember 2025.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að viðbættum virðisaukaskatti, líkt og eigi væri hér um gjafsóknarmál að ræða.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði þá enn fremur gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

### Ágreiningsefni og málsatvik

Stefnandi gerir í málinu kröfu um miskabætur úr hendi stefnda vegna tvíþættra aðgerða sem hann sætti af hálfu lögreglu, annars vegar vegna handtöku og blóðsýnatöku vegna ætlaðs fíkniefnaaksturs, þar sem málið var felld niður hjá lögreglu, en hins vegar vegna tilkynningarskyldu sem honum var gert að sæta vegna meðferðar máls er tilkynnt var til Útlendingastofnunar þar sem grunur beindist að því að hann væri hér í ólögmatrí dvöl, en úrskurður héraðsdóms er hafnaði kröfu stefnanda um að sú ákvörðun lögreglu-stjóra yrði felld úr gildi var felldur úr gildi með úrskurði Landsréttar í máli nr. 49/2025.

Málavextir eru þeir að stefnandi, sem er frá Albaníu, var stöðvaður af lögreglu við umferðareftirlit að kvöldi til í Reykjanesbæ, þann 18. desember 2024, en hann hafði þá ekið þar um á ótryggðri bifreið og ekki með öryggisbelti. Var stefnandi þá krafinn um ökuskírteini sem og vegabréf sem hann framvísaði. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu vaknaði þá síðan grunur lögreglu um akstur stefnanda undir áhrifum ávana- og fíkniefna þar sem lögregla kvaðst hafa greint kannabisþef í bifreiðinni og var stefnanda þá gert að undirgangast munnvatnssýnisprufu er sýndi jákvæða svörun við kókaíni (COC). Stefnandi var þá í kjölfarið handtekinn vegna gruns um akstur bifreiðar undir áhrifum fíkniefna og færður í blóðsýnatöku. Í frumskýrslu kemur þá fram að stefnandi hafi fyrir handtökuna tjáð lögreglu það að hann hafi þá notað kókaín síðast fyrir tveimur dögum, en samkvæmt upplýsingaskýrslu lögreglu, 13. janúar 2025, er síðan haft eftir stefnanda að hann hafi notað kókaín tveimur mánuðum áður en lögregla hafi haft afskipti af honum í greint sinn, en ekki tveimur dögum. Samkvæmt skýrslu lögreglu, 19. desember 2024, hafi stefnandi þá enn fremur greint frá því að hafa verið að selja kókaín umrætt kvöld, en hann hafi síðar breytt þeim framburði sínum og þá ekki kannast við það að selja fíkniefni. Fyrir liggur að lögregla kveðst við eftirlitið hafa fengið að skoða í farsíma stefnanda sem hafi m.a. að mati lögreglu innihaldið sterkar vísbendingar um sölu og dreifingu fíkniefna.

Stefnandi var eftir handtökuna færður á lögreglustöðina við Brekkustíg í Reykjanesbæ til blóðsýnatöku. Samkvæmt lögregluskýrslu var honum kynnt réttarstaða sakbornings og birt upplýsingablað handtekinna manna sem hann undirritaði. Stefnanda var þá ekið á lögreglustöðina að Hringbraut í Reykjanesbæ þar sem hjúkrunarfræðingur kom og tók blóðsýni úr stefnanda á lögreglustöð. Hinn 13. janúar 2025 lá fyrir matsgerð vegna málsins frá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. En samkvæmt henni fannst kókaín ekki í mælanlegu magni í blóði stefnanda. Var rannsókn lögreglu vegna meints aksturs stefnanda undir áhrifum fíkniefna í framhaldi felld niður.

Fyrir liggur að í samskiptum við lögreglu gat stefnandi heldur ekki gert skilmerkilega grein fyrir því hversu lengi hann hefði verið hér á landi í umrætt sinn, eða í hvaða skyni hann væri hér staddur, auk þess sem grunur beindist þá að því að honum hefði áður verið heimvísað frá Íslandi og að hann væri því héraðs í ólögmætri dvöl. Var vegabréf stefnanda því haldlagt og þessu máli hans vísað til Útlendingastofnunar af lögreglu og honum birt ákvörðun lögreglustjóra um það að honum bæri þá að halda sig á landinu dagana 18.12.2024–22.01.2025 og tilkynna sig þá alla virka daga á lögreglustöð uns málið yrði til lykta leitt, en ákvörðun lögreglustjóra byggði á heimild í c-lið 1. mgr. 114.

gr. laga um útlendinga nr. 80/2016. Umrædd ákvörðun var þá borin undir héraðsdóm og þá Landsrétt, svo sem áður er rakið, en fyrir liggur að einhliða ákvörðun lögreglustjóra tók til lengri tíma en heimilt er, sbr. 4. mgr. 114. gr. laganna, sem miðar við fjórar vikur.

Með bréfi stefnanda, 4. mars 2025, til embættis ríkislögmans óskaði lögmaður stefnanda eftir afstöðu stefnda til bótaskyldu vegna málsins á grundvelli 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Þann 13. maí 2025 barst svar ríkislögmans þar sem bótaskyldu var hafnað með vísan til þess að stefnandi hefði sjálfur stuðlað að aðgerðum lögreglu í skilningi 2. másl. 2. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Enn fremur var þá hafnað bótaskyldu á þeim grunni vegna þeirra mistaka sem áttu sér þó óumdeilt stað í sambandi við þá dvöl og tilkynningarskyldu er stefnanda var gert að sæta.

Við aðalmeðferð gaf skýrslu lögreglumaður nr. 2535, en áður H-1799, er kom að handtöku stefnanda og sem ritaði þá jafnframt lögregluskýrslu, dags. 19. desember 2024.

#### *Málsástæður stefnanda*

Stefnandi krefjist bóta vegna þvingunaraðgerða sem hann hafi mátt þola í máli Lögreglustjórans á Suðurnesjum á grundvelli hlutlægrar bótareglu 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 og 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár. Stefnandi telji ekki efni til að lækka eða fella niður bætur honum til handa með vísan til 2. másl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.

Stefnandi eigi rétt til greiðslu miskabóta á grundvelli 246. gr. laga um meðferð sakamála vegna þeirra þvingunaraðgerða sem hann hafi mátt þola í máli lögreglu vegna handtöku, líkamsrannsóknar og ígildis farbanns, þar sem málið hafi verið fellt niður.

Stefnandi hafi sætt handtöku í skilningi XIII. kafla laga nr. 88/2008. Af gögnum sé ljóst að hann hafi verið handtekinn til að koma í veg fyrir að sönnunargögnum yrði spillt, enda hafi hann verið látinn undirgangast líkamsrannsókn í beinu framhaldi af handtöku. Þessi ástæða svari til þess skilyrðis 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 að handtaka sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir að sakborningur spilli sönnunargögnum.

Fallist dómur ekki á framangreint og leggi til grundvallar að stefnandi hafi sætt handtöku á grunni 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sé byggt á að handtakan hafi falið í sér öldungis hliðstætt inngríp í réttindi hans og handtaka í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008. Stefnandi byggi þá á því að eiga samt rétt á bótum á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 vegna handtökunnar með lögjöfnun þar sem skilyrði fyrir því séu uppfyllt.

Í fyrsta lagi telji stefnandi þá að um ólögákveðið tilvik sé að ræða þar sem hvorki í umferðarlögum nr. 77/2019 né í öðrum lögum sé að finna sérstakt ákvæði um bótarétt vegna handtöku á grundvelli umferðarlaga nr. 77/2019.

Í öðru lagi, að um efnislega sambærilegt tilvik sé að ræða og handtöku í skilningi 90. gr. laga nr. 88/2008. Handtaka stefnanda hafi falið í sér öldungis hliðstætt inngríp í réttindi hans og handtaka í skilningi 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008. Handtakan hafi verið tilkomin til að koma í veg fyrir að sönnunargögnum yrði spillt, enda hafi stefnandi í beinu framhaldi hennar verið færður til líkamsrannsóknar. Sá tilgangur, að tryggja sönnunargögn í þágu rannsóknar máls, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008, sé eitt af þeim skilyrðum sem heimili handtöku samkvæmt 1. mgr. 90. gr. sömu laga. Aðgerðirnar séu því sambærilegar að markmiði og eðli. Þá mæli almenn skynsemis- og hallkvæmisrök með því að reglu 246. gr. laga nr. 88/2008 verði beitt með lögjöfnun um handtökuna. Slík niðurstaða sé í samræmi við þann tilgang ákvæðisins að styrkja réttarvernd borgaranna með því að bæta þeim óréttmæta skerðingu á frelsi af hálfu ríkisvaldsins.

Í þriðja lagi telji stefnandi að engar lagaáskilnaðarreglur standi í vegi fyrir beiðingu lögjöfnunar vegna handtöku stefnanda. Að teknu tilliti til framangreinds og með hliðsjón af ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár telji stefnandi efnisrök standa til þess að beita bótareglu 246. gr. laga um meðferð sakamála hér með lögjöfnun um handtöku hans.

Stefnandi hafi mátt þola líkamsrannsókn í skilningi X. kafla laga nr. 88/2008. Stefnandi leggi þá til grundvallar að þvingunaraðgerðir samkvæmt umferðarlögum falli undir gildissvið laga um meðferð sakamála, þar sem síðarnefndu lögin gildi um öll þau mál sem höfðuð séu til refsingar, þar með talið á rannsóknarstigi.

Verði ekki fallist á framangreinda málsástæðu og lagt til grundvallar að stefnandi hafi sætt líkamsrannsókn á grunni 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 sé byggt á því að það hafi falið í sér öldungis hliðstætt inngríp í réttindi hans og líkamsrannsókn samkvæmt 1. mgr. 77. gr. laga nr. 88/2008. Stefnandi byggi á því að eiga rétt á bótum á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 vegna líkamsrannsóknar, þar sem skilyrði fyrir því séu hér uppfyllt.

Í fyrsta lagi byggi stefnandi á því að um ólögákveðið tilvik sé að ræða þar sem hvorki í umferðarlögum né öðrum lögum sé að finna ákvæði um bótarétt vegna líkamsrannsóknar sem beitt sé í þágu umferðareftirlits.

Í öðru lagi sé um efnislega sambærileg tilvik að ræða. Sú líkamsrannsókn sem stefnandi hafi sætt hafi falið í sér öldungis hliðstætt inngríp í réttindi hans og líkamsrannsókn samkvæmt 1. mgr. 77. gr. laga um meðferð sakamála. Rannsóknin hafi verið

liður í meðferð máls sem að öðru leyti lúti ákvæðum laga um meðferð sakamála og fullnægt efnislegum skilyrðum 77. gr. sömu laga, um grun um brot sem varði fangelsi að lögum. Sá formlegi munur að umferðarlög áskilji ekki dómsúrskurð breyti ekki því að um eðlislíka þvingunaraðgerð hafi verið að ræða. Þá mæli skynsemis- og hallkvæmisrök með því að reglu 246. gr. laga um meðferð sakamála verði beitt með lögjöfnun um líkamsrannsóknina. Slíkt sé í samræmi við þann tilgang ákvæðisins að styrkja réttarvernd fólks með því að bæta því óréttmæta skerðingu á friðhelgi einkalífs af hálfu ríkisvaldsins. Þá standi hér engar lagaáskilnaðarreglur í vegi fyrir beitingu lögjöfnunar vegna blóðtöku.

Þá byggir stefnandi á því að hann hafi mátt þola farbann í skilningi XIV. kafla laga nr. 88/2008. Sú tilkynningarskylda sem hafi verið lögð á stefnanda hafi falið í sér sambærilega skerðingu á ferðafrelsi og farbann, enda telji stefnandi að tilgangur hafi verið sá að tryggja návist hans við rannsókn sakamáls. Aðgerðin hafi því í raun og veru falið í sér farbann í skilningi 3. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008. Byggi stefnandi á því að tilkynningarskyldan heyri þannig undir bótareglu 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.

Verði ekki fallist á framangreinda málsástæðu sé byggt á því að stefnandi eigi samt rétt á miskabótum á grunni 246. gr. laga nr. 88/2008 vegna tilkynningarskyldunnar með lögjöfnun, þar sem skilyrði fyrir því séu uppfyllt.

Í fyrsta lagi telji stefnandi að um ólögákveðið tilvik sé að ræða þar sem hvorki í lögum um útlendinga né heldur í öðrum lögum sé að finna ákvæði um bótarétt vegna tilkynningarskyldu sem beitt sé í þágu rannsóknar sakamáls.

Í öðru lagi sé um efnislega sambærileg tilvik að ræða. Sú aðgerð sem stefnandi hafi mátt þola hafi falið í sér verulegt inngríp í ferðafrelsi hans og haft sömu íþyngjandi áhrif og úrskurður um farbann hefði haft, sbr. og 1. másl. 3. mgr. 66. gr. stjórnarskrár. Markmið og áhrif aðgerðarinnar hafi því að öllu leyti verið sambærileg við farbann, enda báðum úrræðunum ætlað að tryggja návist manns við rannsókn sakamáls. Ákvörðun lögreglustjóra um tilkynningarskyldu hafi beinlínis verið rökstudd með vísan til þess að rökstuddur grunur hafi legið fyrir um refsiverða háttsemi stefnanda. Hafi hann þar með haft stöðu sakbornings við rannsókn sakamáls, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 88/2008. Megi því jafna saman áhrifum og markmiði þeirrar þvingunaraðgerðar annars vegar sem felist í c-lið 1. mgr. 114. gr. laga um útlendinga og beitt sé gagnvart erlendum einstaklingi við rannsókn sakamáls og hins vegar þeirrar þvingunaraðgerðar er felist í farbanni, t.d. gagnvart erlendum einstaklingi við rannsókn sakamála, sbr. 100. gr. laga nr. 88/2008.

Í þriðja lagi standi engar lagaáskilnaðarreglur í vegi fyrir beitingu lögjöfnunar. Þá mæli almenn skynsemis- og hallkvæmisrök með því að reglu 246. gr. laga nr. 88/2008 verði beitt með lögjöfnun um tilkynningarskylduna. Slík niðurstaða sé í samræmi við megintilgang ákvæðisins um að styrkja réttarvernd borgaranna með því að bæta þeim óréttmæta skerðingu á frelsi af hálfu ríkisvaldsins. Auk framangreinds byggi stefnandi á að ekki verði ráðið að verið hafi vilji löggjafans að bótaréttur ráðist af því hvort lögregla byggi á heimildum útlendingalaga eða laga um meðferð sakamála. Það geti ekki staðist jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár að bótaréttur sakbornings ráðist þannig af því hvorri lagastoðinni lögregla kjósi að beita þegar um sé að ræða eðlislíkar þvingunaraðgerðir. Að þessu virtu telji stefnandi efnisrök standa til þess að beita hlutlægi bótareglu 246. gr. laga um meðferð sakamála með lögjöfnun hvað varði tilkynningarskylduna.

Stefnandi telji að við mat á miska hans verði að líta til þess að með aðgerðum lögreglu hafi verið gengið gegn grundvallarréttindum hans til frelssis og einkalífs, sbr. 67. gr. og 71. gr. stjórnarskrár og 5. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sbr. lög nr. 62/1994. Við mat á fjárhæð miskabóta skuli einnig líta til þess að blóðsýnataka hafi verið framkvæmd á harkalegan hátt, enda stefnandi verið stunginn ítrekað í handlegginn og við það hlotið mar. Ljóst sé að slíkt samrýmist ekki meðalhófsreglu, sbr. m.a. 3. mgr. 53. gr. laga um meðferð sakamála og 2. mgr. 13. gr. lögreglulaga. Þá sé rétt að líta til þess, við mat á fjárhæð miskabóta, að stefnandi hafi með ólögmetum hætti verið settur í tilkynningarskyldu, sbr. úrskurð Landsréttar nr. 49/2025 frá 20. janúar 2025, sem stefnandi telji ígildi farbanns. Telji stefnandi miskann hæfilega metinn til 2.000.000 króna.

#### *Málsástæður stefnda*

Stefndi mótmælir málatilbúnaði stefnanda og málsástæðum hans sem röngum, ósönnuðum og órökstuddum. Stefnandi eigi ekki rétt á bótum úr hendi ríkissjóðs vegna þvingunaraðgerða lögreglu sem hann hafi sætt frá 18. desember 2024 til 20. janúar 2025.

Þrátt fyrir að í ákvæði 246. gr. laga nr. 88/2008 sé kveðið á um hlutlægan bótarétt hafi stefnandi sjálfur stuðlað að þeim aðgerðum sem hann byggi rétt sinn á. Þá geti stefnandi ekki átt rétt til bóta vegna ákvörðunar lögreglu um ráðstafanir á grunni tilkynningarskyldu, enda byggist sú heimild á 114. gr. laga nr. 80/2016, en ekki á ákvæðum laga nr. 88/2008. Gildi því ekki sömu sjónarmið um bótaskyldu. Þá verði þeirri aðgerð lögreglu ekki jafnað til farbanns á grunni laga nr. 88/2008, hvorki óbeint né með lögjöfnun.

Aðgerðir lögreglu hafi verið í samræmi við heimildir laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, umferðarlaga nr. 77/2019, lögreglulaga nr. 90/1996 og útlendingalaga nr.

80/2016. Fullt tilefni hafi verið til aðgerðanna og þær verið bæði lögmætar og réttmætar, auk þess sem meðalhófs hafi verið gætt.

Þegar lögregla hafi hafið afskipti af stefnanda að kvöldi 18. desember 2024 hafi vaknað rökstuddur grunur um að hann æki í umrætt sinn undir áhrifum fíkniefna. Stefndi byggi á því að fella eigi niður bætur til stefnanda þar sem hann hafi sjálfur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á, sbr. 2. másl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Því til stuðnings vísist til atvikalýsingar í skýrslu lögreglu á vettvangi. Sérstaklega sé vísað til þess að lögreglumaður hafi þá orðið var við sterka kannabislykt úr bifreið stefnanda þegar hann hafi rætt við hann á vettvangi. Þá hafi stefnandi sjálfur lýst því þar yfir að hann hefði neytt kókaíns tveimur dögum áður, sem studdist svo við jákvæða niðurstöðu á COC í munnvatnsprófi er stefnandi hafi tekið í lögreglubifreiðinni.

Framangreind atriði hafi leitt til þess að aðgerðir lögreglu, þ.e. handtaka og taka blóðsýnis, hafi verið nauðsynlegar til frekari rannsóknar málsins og til þess að tryggja umferðaröryggi. Orsakatengsl séu milli háttsemi stefnanda og aðgerðanna, auk þess sem þær séu sennileg afleiðing háttseminnar. Háttsemina beri enn fremur að virða stefnanda til sakar samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar um eigin sök sem búi að baki 2. másl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Stefndi hafi því fyrirgert rétti til skaðabóta.

Stefndi mótmælir því að með aðgerðum lögreglu hafi verið gengið gegn grundvallarréttindum stefnda, sbr. 67. og 71. gr. stjórnarskrár og 5. og 8. gr. MSE, enda hafi aðgerðirnar verið nauðsynlegar og gerðar í þágu allsherjarreglu. Þá vísast til framangreinds rökstuðnings um að stefnandi hafi sjálfur stuðlað að umræddum aðgerðum.

Þá sé því mótmælt að handtakan eða líkamsrannsóknin hafi verið framkvæmd á óþarflega harkalegan hátt eða að stefnandi hafi verið stunginn ítrekað í handlegginn, enda komi ekkert fram í gögnum er staðfesti slíkt. Framlagðar myndir geti ekki leitt til annarrar niðurstöðu. Jafnvel þótt nokkrar tilraunir hafi þurft til að taka blóð úr stefnanda geti það ekki aukið á miska stefnanda, enda alþekkt að slíkt kunni að gerast og að blódtaka í rannsóknarskyni geti skilið eftir væga marbletti. Blóðprufan hafi verið framkvæmd af hjúkrunarfræðingi, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 301/2008, og ekki verið þar gengið lengra en nauðsyn krafði í því tilviki. Hafi því ekki verið brotið gegn meðalhófi, hvort heldur sem byggt sé þá á ákvæðum laga nr. 88/2008 eða þá lögreglulögum nr. 90/1996.

Stefndi telji því að skilyrði bótaábyrgðar samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 séu ekki fyrir hendi. Þá verði ekki séð að önnur lögfest eða ólögfest skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt, enda verði hvorki séð að aðgerðir lögreglu hafi valdið stefnanda tjóni með

ólögmætum eða saknæmum hætti né að í stefnu sé þá fjallað um bótaábyrgð íslenska ríkisins á sakargrundvelli eða þá öðrum grundvelli en samkvæmt umræddri 246. gr.

Í 1. mgr. 114. gr. útlendingalaga sé kveðið á um heimild til að skylda útlending til að sinna reglulegri tilkynningarskyldu um veru sína hér á landi eða til að dveljast á ákveðnum stað í tilgreindum tilvikum sem komi fram í staflíðum a–g. Í c-lið 1. mgr. 114. gr. sé kveðið á um þessa heimild teljist hún nauðsynleg til að tryggja framkvæmd þegar tekin hafi verið ákvörðun um að útlendingur skuli yfirgefa landið, eða þegar mál sem geti leitt til slíkrar ákvörðunar sé til meðferðar, svo sem hér hafi verið raunin.

Samkvæmt lögregluskýrslu hafi lögregla hér óskað eftir vegabréfi stefnanda á vettvangi. Stefnandi hafi í fyrstu sagst ekki vita hvar vegabréfið væri og ekki framvísað því fyrr en eftir að lögregla hafi tjáð honum að hann kynni annars að verða handtekinn. Í svörum sínum við lögreglu í lögreglubifreiðinni hafi stefnandi veitt verulega misvísandi upplýsingar um tilgang dvalar sinnar hérlendis og ástæðu þess að hann hafi verið staddur á Ásbrú. Stefnandi hafi þá hvorki getað tilgreint dvalarstað sinn hér á landi né veitt upplýsingar um kærustu sína, sem hann hafi þá sagst hafa sem ferðafélaga hér á landi.

Í framburðarskýrslu hjá lögreglu hafi stefnandi svo gefið enn aðrar skýringar sem ekki hafi þótt trúverðugar, en þá ekki gert nánar grein fyrir högum sínum hér á landi. Lögregla hafi jafnframt haft upplýsingar um að stefnanda hefði áður verið vísað frá landinu, þann 1. október 2024. Við þá frávísun hafði íslenska ríkið keypt flugmiða handa stefnanda er hann hafi síðan ekki endurgreitt ríkissjóði. Þrátt fyrir þetta hafi stefnandi sagst aldrei áður hafa komið til landsins og ekki kannast við fyrri frávísun frá landinu.

Í ljósi misvísandi upplýsinga og að stefnanda hafði áður verið vísað frá landinu hafi lögregla talið verulegan vafa á að hann uppfyllti skilyrði til dvalar hérlendis. Því hafi mál hans verið sent Útlendingastofnun til meðferðar. Til að tryggja nærveru á meðan hafi lögreglustjóri tekið ákvörðun um skyldu hans til að sinna reglulegri tilkynningarskyldu og dveljast innan ákveðins svæðis, sbr. c-lið 114. gr. útlendingalaga nr. 80/2016.

Bótakrafa stefnanda sé hér reist á þeirri málsástæðu að hann hafi sætt farbanni í skilningi 1. og 3. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008 og eigi því rétt á skaðabótum samkvæmt 246. gr. þeirra. Stefnandi telji sig hér hafa haft stöðu sakbornings við rannsókn sakamáls og að ákvörðun lögreglu um tilkynningarskyldu hafi verið felld úr gildi með úrskurði Landsréttar 20. janúar 2025 þar sem hún hafi verið talin ólögmæt. Verði ekki fallist á þessi sjónarmið byggji stefnandi á að skaðabótarétt hans leiði af lögjöfnun á 114. gr. útlendingalaga og 246. gr. laga nr. 88/2008, enda um að ræða efnislega sambærileg tilvik.

Stefndi mótmælir þessu sem röngu. Í 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 sé kveðið á um rétt manna til bóta hafi þeir verið bornir sökum í sakamáli og mál þeirra verið fellt niður eða þeir verið sýknaðir með dómi. Samkvæmt 2. mgr. skuli dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.–XIV. kafla laganna séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt.

Stefnandi hafi hér ekki verið borinn sökum í sakamáli. Sú tilkynningarskylda sem hann hafi sætt hafi byggt á c-lið 1. mgr. 114. gr. útlendingalaga nr. 80/2016. Ákvörðun lögreglu hafi byggt á rökstuddum grun um að stefnandi uppfyllti ekki skilyrði til dvalar hér á landi, enda hafði honum áður verið vísað frá landinu og hann skuldað ríkinu kostnað vegna þeirrar frávísunar. Málið hafi verið sent til Útlendingastofnunar, þar sem það hafi fengið hefðbundna stjórnsýslumeðferð samkvæmt stjórnsýslulögum og því svo lokið með ákvörðun stofnunarinnar frá 15. janúar 2025 um frávísun stefnanda.

Samkvæmt framangreindu var tilkynningarskyldan því ekki aðgerð í sakamáli og stefnandi ekki verið borinn neinum sökum í sakamáli vegna dvalar sinnar hér á landi. Hann hafi því hvað þetta varði ekki verið sakborningur í sakamáli heldur útlendingur í útlendingamáli sem lokið hafi svo með stjórnvaldsákvörðun á grundvelli stjórnsýslulaga.

Samkvæmt 1. mgr. 100. gr. laga nr. 88/2008 geti dómari, í stað gæsluvarðhalds, bannað sakborningi brottför af landinu. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar geti lögregla jafnframt lagt fyrir sakborning, sem sætir farbanni, að tilkynna henni um verustað sinn eða gefa sig fram á tilteknum tímum. Farbann og þar með tilkynningarskylda sé þá því aðeins heimilt séu skilyrði gæsluvarðhalds samkvæmt 1. og 2. mgr. 95. gr. laganna uppfyllt, þ.e. að fram komi rökstuddur grunur um að sakborningur hafi gerst sekur um brot sem fangelsisrefsing liggja við, ásamt öðrum skilyrðum ákvæðisins. Í máli stefnanda hafi ákvörðun lögreglu hins vegar byggt á rökstuddum grun um að dvöl hans hér á landi væri ólögmat, en slíkt brot varði þó ekki fangelsi, sbr. 7. mgr. 116. gr. útlendingalaga.

Þetta mál stefnanda hafi hvorki verið fellt niður né hann sýknaður í endanlegum dómi, sem séu skilyrði þess að bótaskylda geti stofnast. Sú tilkynningarskylda er hann hafi sætt hafi lotið að meðferð máls hans hjá Útlendingastofnun og því hvort hann uppfyllti skilyrði laga til dvalar hérlendis. Því máli hafi lokið með ákvörðun Útlendingastofnunar um frávísun frá landinu. Geti því ekki komið til bótaskyldu íslenska ríkisins.

Engu breyti í þessu sambandi þótt Landsréttur hafi með úrskurði 20. janúar 2025 fellt úr gildi úrskurð héraðsdóms frá 15. janúar s.á. Stefndi mótmælir túlkun stefnanda að Landsréttur hafi með því staðfest að stefnandi hafi með ólögmatum hætti verið settur í tilkynningarskyldu. Samkvæmt 4. mgr. 114. gr. útlendingalaga geti fyrirmæli lögreglu-

stjóra um tilkynningarskyldu útlendinga ekki gilt lengur en í fjórar vikur nema þá ef útlendingurinn samþykki eða dómari ákveði lengri gildistíma eftir reglum um meðferð sakamála. Í úrskurði Landsréttar segi m.a.: „Hvorki verður ráðið af gögnum máls að varnaraðili hafi samþykkt fyrirmæli lögreglustjóra né að farið hafi verið fram á að dómari ályktaði að þau mættu gilda lengur en í fjórar vikur. Sá tími sem heimilt var að leggja þá skyldu á varnaraðila sem að framan greinir er nú liðinn og verður því að fallast á að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi, eins og hann krefst fyrir Landsrétti.“

Landsréttur hafi því ekki tekið efnislega afstöðu til ákvörðunar lögreglustjóra, heldur hafi niðurstaðan eingöngu ráðist af því að fjögurra vikna frestur samkvæmt 4. mgr. 114. gr. útlendingalaga hafi verið liðinn. Landsréttur hafi jafnframt bent á að lögreglustjóri hefði ekki óskað eftir því við dómara að tilkynningarskyldan yrði lengri en fjórar vikur og þá samkvæmt reglum laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

En telji dómur heimilt að beita 246. gr. laga nr. 88/2008 með lögjöfnun eða öðrum hætti í máli stefnanda hafi hann þó fyrirgert öllum slíkum rétti með því að veita lögreglu rangar og misvísandi upplýsingar um tilgang dvalar sinnar hér. Með því hafi hann sjálfur valdið eða a.m.k. stuðlað að þeim aðgerðum lögreglu sem hann reisi skaðabótakröfu sína á. Þá verði ekki séð að önnur lögfest eða ólögfest skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt, enda verði hvorki séð að aðgerðir lögreglu hafi valdið stefnanda tjóni með ólögætum eða saknæmum hætti né að í stefnu sé fjallað um bótaábyrgð íslenska ríkisins á öðrum grunni.

Stefndi mótmæli upphafstíma dráttarvaxtakröfu stefnanda á þeim grundvelli að lagaskilyrði séu ekki uppfyllt til að miða við það að bótakrafa beri slíka vexti að liðnum einum mánuði frá bréfi lögmanns hans, dags. 4. mars 2025. En með bréfinu hafi ekki fylgt upplýsingar um væntanlega kröfu stefnanda og hafi endanleg dómkrafa hans fyrst legið fyrir við höfðun máls þessa, þann 25. september 2025.

Stefndi telji að með vísan til framangreinds beri að sýkna af kröfum stefnanda. Verði þó talið að stefnandi eigi rétt til miskabóta sé byggt á því að fjárhæð bótakröfu sé allt of há með hliðsjón af atvikum máls. Þá beri í öllu falli að líta til þess að stefnandi hafi stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 og reglur skaðabótaréttar um eigin sök, og eigi því að lækka verulega.

### *Niðurstaða*

Málið hefur skýrst nokkuð undir rekstri þess og málavextir liggja að mestu fyrir. Er þannig ljóst að stefnandi var handtekinn eftir afskipti lögreglu við umferðareftirlit, þann 18. desember 2024, vegna gruns um akstur undir áhrifum fíkniefna eftir að hafa

greinst jákvæður á vettvangi fyrir kókaíni í munnvatnsprufu. Virðist þá ljóst að stefnandi hafi í umrætt sinn verið handtekinn og færður á lögreglustöð í því skyni að taka af honum blóðsýni, svo sem gert var, sbr. 2. mgr. 52. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Jafnframt liggur þá fyrir að umrædd blóðrannsókn Rannsóknastofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði, dags. 13. janúar 2025, leiddi síðan í ljós að kókaín greindist ekki í mælanlegu magni í blóði stefnanda í umrætt sinn og var mál það sem varðaði rannsókn lögreglu á meintum akstri stefnanda undir áhrifum fíkniefna þá síðan í framhaldinu óumdeilt fellt niður.

Sé framangreint virt verður að fallast á með stefnanda að tækt sé að fella þennan þátt málsins undir ákvæði 246. gr. laga nr. 88/2008, með lögjöfnun, sbr. dóm Landsréttar í máli nr. 363/2024 frá 12. desember 2024, en fyrir liggur að mál stefnanda var fellt niður. Liggur þá fyrir réttur stefnanda til miskabóta á grunni hinnar hlutlægu bótareglu nema sýnt hafi verið fram á af hálfu stefnda að fella beri þær niður eða lækka á þeim grunni að stefnandi hafi sjálfur sem sakborningur valdið eða stuðlað að umræddum aðgerðum.

Hvað þetta varðar þá telur dómurinn að hér verði sérstaklega að horfa til þess að fyrirliggjandi gögn málsins, sem eru m.a. lögregluskýrslur staðfestar hér fyrir dómi af framangreindum lögreglumanni sem hafði umrædd afskipti af stefnanda á vettvangi, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, leiða það í ljós að stefnandi upplýsti m.a. lögreglu á vettvangi, áður en kom til þess að hann var síðan handtekinn í þágu rannsóknar málsins, um það að hann hefði síðast neytt kókaíns þá tveimur dögum áður, en sá framburður var síðan dreginn til baka í skýrslutöku stefnanda 13. janúar 2025. Fellst dómurinn á með stefnda að framangreint, auk aðstæðna á vettvangi, hljóti þannig að hafa falið í sér að virða verði svo að stefnandi hafi þannig sjálfur stuðlað að framangreindum aðgerðum lögreglu svo að rétt sé að fella niður að fullu bætur til hans á þessum grunni, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, og verður í því ljósi þá heldur ekki séð að stefnandi geti við svo búið reist kröfu sína um miskabætur hér á öðrum grunni.

Hvað varðar þá síðari þátt þessa máls, þá ráðstöfun lögreglu að láta stefnanda jafnframt sæta tilkynningarskyldu og viðveru hér á landi samkvæmt heimild í c-lið 1. mgr. 114. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016, með ákvörðun lögreglustjóra frá 18. desember 2024, liggur óumdeilt fyrir að sú ákvörðun af hálfu lögreglustjóra að ákvarða þær ráðstafanir einhliða svo lengi sem frá 18.12.2024 og fram til 22.01.2025 fór í öllu falli eins og á stóð á svig við áskilnað um fjögurra vikna hámark, sbr. 4. mgr. 114. gr. laganna, sbr. úrskurð Landsréttar í máli nr. 49/2025 frá 20. janúar 2025. Liggur því ljóst fyrir að

stefnandi var þannig með þessu í öllu falli látinn sæta þessum takmarkandi og íþyngjandi ráðstöfunum nokkrum dögum lengur en heimilt var að gera með þessum hætti.

Varðandi bótarétt stefnanda, þá fellst dómurinn á það með stefnda að stefnandi geti hér ekki átt bótarétt vegna þessa þáttar málsins, beint eða þá á grundvelli lögjöfnunar frá ákvæði 246. gr. laga nr. 88/2008, enda ljóst að hér umrætt mál sneri að grun lögreglu um að stefnandi væri hér í ólögmati dvöl og var tilkynnt til Útlendingastofnunar samfara því sem lögreglustjóri lagði fyrrgreinda skyldu á stefnanda um viðveru og tilkynningar. Lyktaði umræddu máli síðan með ákvörðun Útlendingastofnunar frá 14. janúar 2025 um að vísa bæri stefnanda frá landinu og fékk hann í kjölfarið vegabréf sitt og yfirgaf landið.

Eins og stefndi hefur bent á, þá nær það réttarfarshagræði sem felst í 246. gr. laga nr. 88/2008 einungis til mála þar sem maður hefur verið borinn sökum í sakamáli og slíkt mál hans verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi er þar er lýst, sbr. þar þá enn fremur skírskotun til aðgerða samkvæmt IX.–XIV. laganna sérstaklega. Telur dómurinn sýnt að þótt þær ráðstafanir sem um ræðir í 114. gr. laga nr. 80/2016 séu um sumt eðlislíkar farbanni samkvæmt lögum nr. 88/2008, þá tengist þær ekki sakamáli, þar sem fyrir liggur að ólögmat dvöl hérlandis leiðir ein og sér ekki til slíks máls, sbr. 116. gr. útlendingalaga, heldur er hér um að ræða úrræði tengt málsmeðferð stjórnvalda.

Vera kann að stefnandi kunni þó að eiga rétt til bóta vegna þeirra ráðstafana sem hann var hér vissulega heimildarlaust látinn sæta, eins og rakið er að framan, en þá byggt á öðrum lagagrundvelli en hann hefur hér rökstutt mál sitt. En að mati dómsins þá hefur stefnandi þó, líkt og stefndi bendir hér á, ekki sýnt hér fram á slíkt. Verður því við svo búið einnig að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um bætur vegna þessa þáttar málsins.

Rétt þykir í ljósi málavaxta að málskostnaður falli niður á milli aðila. Stefnandi nýtur hér gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi, dags. 11. september 2025, og greiðist gjafsóknarkostnaður hans því úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans. Með hliðsjón af tímaskýrslu, efni og umfangi málsins telst þóknun vera hæfilega ákveðin alls 1.130.880 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Gunnar Gíslason lögmaður flutti málið fyrir stefnanda en Bragi Dór Hafþórsson lögmaður flutti málið fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af dómkröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður. En allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Gunnars Gíslasonar, sem ákvarðast sem alls 1.130.880 krónur og er þá að teknu tilliti til virðisaukaskatts.